

| |
|------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Áb. _____ |
| 08. maí 2015 |
| Tilv. _____ |

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

AFRIT



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 5. maí 2015
UST201505-028/B.S.

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Náma á Fljótsheiði. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 4. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Um er að ræða efnistöku úr námu E-41 á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar, en náman hefur verið opin frá árinu 1996. Á árunum 2014-2015 er útlit fyrir að efnistaka úr námunni verði alls 149.900 m³ og því beri að kanna matsskyldu efnistökkunnar.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Þar sem gróðri næst námusvæðinu hefur verið ýtt burt og sjónræn áhrif verða að líkindum svipuð og þegar er orðið.

Umhverfisstofnun bendir á að náma E-41 er ein þeirra náma sem Vegagerðin mun nota um fyrirsjáanlega framtíð til viðhalds og styrkinga vega ýmist vegna efnisskorts eins og á Fljótsheiði eða gæða efnis í viðkomandi námum. Umhverfisstofnun telur að Vegagerðin eigi að skipuleggja efnistöku úr þessum námum með öðrum hætti en hér er gert. Kanna eigi hvort unnt sé að móta námu E-41 þannig að hún verði minna áberandi frá Hringvegi 1. Umhverfisstofnun vill í þessu sambandi benda á námu Vegagerðarinnar á Krýsuvíkurheiði þar sem bergnáma hefur verið mótuð með efnistökkunni þannig að náman er lítt áberandi frá aðliggjandi vegi.

Umhverfisstofnun telur að ef Vegagerðin standi þannig að efnistökkunni í hvert skipti að einungis verði unnið á sambærilegan hátt í námunni og gert hefur verið til þessa er hætta á að þau neikvæðu sjónrænu áhrif námunnar verði svipuð og hefur verið um mjög langan tíma.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri